



Forsætisnefnd

Endurskoðun samþykktar breyttra fagráða.

Á fundi borgarstjórnar 7. júní sl. voru samþykktar tillögur um stofnun umhverfis- og skipulagsráðs og heilbrigðisnefndar. Umhverfis- og heilbrigðisráð verður lagt niður í þeirri mynd sem það starfaði á nýliðnu kjörtímabili og verkefni þess verða færð til hins nýja ráðs annars vegar og nýju nefndarinnar hins vegar.

Á sama fundi var afgreiðslu frestað á tillögum um stofnun nýs mannréttindaráðs sem tekur við hlutverki ofbeldisvarnarnefndar og um stofnun nýs stafræns ráðs. Gert er ráð fyrir því að þær tillögur verði lagðar fram til afgreiðslu að nýju á fundi borgarstjórnar 21. júní nk.

Í tillögunum er forsætisnefnd falið að vinna að nýjum samþykktum fyrir viðkomandi ráð en auk þess kalla breytingarnar á endurskoðun á ákvæðum í samþykkt um stjórn Reykjavíkurbogar og fundarsköp borgarstjórnar. Breytingar á þeirri samþykkt þurfa tvær umræður í borgarstjórn og staðfestingu ráðuneytis.

Undirbúningur er þegar hafinn að endurskoðun samþykktanna og er gert ráð fyrir því að unnt verði að leggja nýjar samþykktir fram á fyrsta fundi forsætisnefndar eftir sumarleyfi.

Virðingarfyllst,

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar